



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Starfsemi verkefnisins ELLA frá október 2020 til ágúst 2023*

Forsaga

Í júní 2019 skipaði sviðsstjóri velferðarsviðs starfshóp sem fékk það hlutverk að leggja fram tillögur og hugmyndir að útfærslu á þjónustu og ráðgjöf við unga einstæða foreldra sem þurfa stuðning og leiðbeiningar t.d. varðandi uppeldishlutverk sitt, menntun og/eða atvinnuleit.

Á fundi velferðarráðs þann 20. ágúst 2020 var skýrsla starfshópsins lögð fram. Velferðarráð samþykkti eftirfarandi: Að tíu íbúðum í félagslegu húsnæði í Norðlingaholti verði úthlutað til ungra einstæðra foreldra á aldrinum 18-29 ára. Húsnæðinu verði úthlutað sem áfangahúsnæði sbr. 2. gr. og 7. mgr. 19. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Skipaður verði starfshópur sem hefur það hlutverk að útfæra og fylgja eftir þeim tillögum sem fram koma í skýrslu starfshópsins sem lagði til að úrræðið fengið nafnið **ELLA**. Gert var ráð fyrir að foreldrar geti búið í húsnæðinu í 3-5 ár á meðan á stuðningi Ellu varir.

Fyrstu íbúðum Ellunnar var úthlutað til tíu einhleypra mæðra í október 2020.

Ellan hlaut hvatningaverðlaun velferðarráðs Reykjavíkurborgar árið 2021 sem var mikilvæg viðurkenning fyrir starfsemi Ellunnar.

Markmið Ellunnar

Helsta markmið Ellunnar er stuðningur til sjálfshjálpar til að bæta lífsgæði og félagslega stöðu fjölskyldunnar til lengri tíma. Það felur í sér að efla foreldra til sjálfstæðis og ábyrgðar við dagleg verkefni, á eigin heilsu og barna sinna ásamt velferð í daglegu lífi. Einnig að valdefla foreldrana í uppeldishlutverkinu og styrkja hæfni þeirra sem þurfa stuðning og aðstoð. Þá er einnig mikil áhersla á að foreldrar í Ellunni stundi virkni og er mikil áhersla á stuðning í því samhengi. Með því að efla fjölskylduna á þennan hátt og kenna aðrar leiðir er verið að koma í veg fyrir kynslóðaflutning á félagslegum vanda.

Helsta markmið varðandi börnin í Ellunni er forvarnarstarf, að þau alist upp við góð lífsgæði, sterkari tengsl og meiri stöðugleika.

Framkvæmd þjónustunnar

Stýrihópur var starfandi í kringum Elluna frá upphafi og út árið 2021. Ráðgjafar Ellunnar hafa verið í stöðugri þróunarvinnu til að mæta þörfum fjölskyldna Ellunnar og tryggja að hver og ein fái viðeigandi stuðning til að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Haustið 2022 óskuðu ráðgjafar



eftir að setja af stað á ný stýrihóp, til að geta speglað erfið og flókin mál sem upp koma í Ellunni en einnig til að ræða og finna út hvert sé best að stefna með úrræðið. Stýrihópurinn starfar í dag undir forystu Austurmiðstöðvar og í honum eru: Ólöf Karitas Þrastardóttir, félagsráðgjafi Ellunnar, Sandra Óskarsdóttir, ráðgjafi Ellunnar, Margrét Magnúsdóttir, deildarstjóri virkni og ráðgjafar, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri barna- og fjölskyldumála og Laufey Þorvaldsdóttir deildastjóri barnaverndar. Þá hafa viðeigandi aðilar af velferðarsviði verið kallaðir inn á fund eftir þörfum.

Skilyrði fyrir úthlutun í Ellunni eru að foreldri sé á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg og sé reiðubúið að skrifa undir þjónustusamning áður en það þiggur húsnæðið formlega.

Eftirfarandi viðmið eru höfð til hliðsjónar við úthlutun í Ellu:

- Félagslegir erfiðleikar metnir til fjögurra stiga samkvæmt matsviðmiði reglna um félagslegt leiguhúsnæði.
- Umsækjandi hafi lítið bakland og lítinn stuðning frá fjölskyldu – fyrir hendi sé þörf fyrir stuðning og vilji til að þiggja þjónustu.
- Umsækjandi hafi vilja og getu til að stunda virkni.
- Umsækjandi sýni fram á edrúmennsku frá ólöglegum eignum.

Unnið hefur verið með íbúum Ellunnar að samskiptasáttmála á grundvelli samvinnu, samhjálp, trausts og virðingar. Rætt hefur verið við hverja og eina móður um mikilvægi sáttmálans og í framhaldi var haldinn sameiginlegur fundur með öllum mæðrunum. Sáttmálinn lýtur að almennum húsnæðisreglum, umgengni, tillitssemi og virðingu. Í framkvæmd þjónustunnar er lögð áhersla á forvarnarþátt og uppbyggingarstarf í lífi fjölskyldnanna t.d. er varðar virkni, tómstundaþátttöku, uppeldisaðferðir, menntun og atvinnu. Við upphaf búsetu er gert samkomulag um félagslega ráðgjöf/einstaklingsráðgjöf og áhersla lögð á að vinna á einstaklingsmiðaðan hátt og að finna viðeigandi úrræði fyrir hvert og eitt foreldri.

Í dag starfa í Ellunni félagsráðgjafi í 80% starfshlutfalli og uppeldis- og virkniráðgjafi í 90% starfshlutfalli. Hlutverk félagsráðgjafa er að veita heildstæða ráðgjöf til foreldra í Ellunni með það að markmiði að bæta félagslega stöðu þeirra og lífsgæði. Félagsráðgjafi veitir m.a. ráðgjöf við uppeldishlutverk, virkni, valdeflingu, menntun og/eða atvinnuleit. Þess skal getið að félagsráðgjafi er einnig með PMTO meðferðarmenntun. Hlutverk uppeldis- og virkniráðgjafa er að veita ráðgjöf og stuðning til foreldra í Ellunni varðandi uppeldishlutverk sitt, virkni og daglegt líf.

Þróun starfseminnar 2020-2023

Frá upphafi starfseminnar hafa fjórar mæður útskrifast úr Ellunni með sex börn.

Fyrstu íbúðum Ellunnar var úthlutað til tíu einhleypra mæðra í október 2020. Í dag er Ella með þjónustu í 13 íbúðum en haustið 2021 komu til úthlutunar tvær félagslegar íbúðir í nágrenni við úrræðið og sú þriðja í maí 2023. Ellan þjónustar nú 13 mæður og 15 börn ásamt því að veita tveimur fjölskyldum sex mánaða eftirfylgd. Frá því að Ellan tók til starfa hafa alls 20 einstæðar mæður og 23 börn fengið þjónustu frá Ellunni. Útskrift vísar í það að fjölskyldan hefur náð sínum markmiðum og í samráði við ráðgjafa sótt um flutning úr Ellunni. Þrjár þessara mæðra



eru komnar í fasta vinnu og hafa haldið vinnu í meira en ár og ein er að klára nám sem mun veita henni starfsréttindi.

Hlutverk ráðgjafa í Ellunni

Aðgengi að ráðgjöfum Ellunnar er mikið og geta mæðurnar ýmist bankað upp á á skrifstofu Ellunnar á 1. hæð í Elliðabraut 12 eða bókað viðtöl sem ýmist fara fram á skrifstofunni eða heima hjá viðkomandi fjölskyldu. Ráðgjafar þurfa sífellt að endurmeta þjónustuþörf mæðranna sem og barnanna.

Ráðgjafar hafa fengið gott tækifæri til að þróa úrræðið og betrubæta þjónustu við fjölskyldurnar. Helstu störf ráðgjafa í Ellunni í dag eru fyrst og fremst að vera málstjórar fjölskyldnanna en einnig að veita félagslega ráðgjöf, s.s. fjármálaráðgjöf, uppeldisráðgjöf, ráðgjöf varðandi heimilishald og daglega rútínu, virkniráðgjöf ásamt fylgd og stuðningi við að efla sjálfstæði til að komast á milli staða með strætóþjálfun eða göngufylgd. Ráðgjafar sinna einnig stuðningi varðandi tímabókanir hjá öðrum fagaðilum ásamt fylgd til þeirra. Þá hefur einnig aukist að ráðgjafar sinni fjölskyldufundum og umræðum sem tilheyra fjölskyldum mæðranna (foreldrar, ömmur og afar, systkini og barnsfeður).

Ráðgjafar leggja mikla áherslu á að vera brú fyrir fjölskyldurnar til annarra fagaðila til að auðvelda mæðrunum og börnum þeirra að fá viðeigandi stuðning og meðferð ásamt því að tryggja samheldni í þjónustu, sbr. farsældarlögin. Ráðgjafar Ellunnar vinna markvisst í því að styðja mæðurnar út úr félagslegri einangrun og hafa meðal annars tengt þær við önnur úrræði. Þá sinna ráðgjafar einnig fræðslu til mæðranna ásamt tengslavinnu fjölskyldunnar með ýmsum leiðum líkt og fræðslu um foreldrafærni, jákvæð samskipti og styrkleika. Ráðgjafar Ellunnar halda einnig utan um samstarf við starfsmenn í búsetukjarnanum. Listinn yfir þau hlutverk sem ráðgjafar Ellunnar sinna er í raun ótæmandi, og skýrist líklega af því hversu mikið traust hefur myndast á milli ráðgjafa og mæðranna.

Árangursmat

Við stofnun Ellu var ákveðið að reglulega yrði framkvæmt árangursmat á þjónustunni í samstarfi við teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviðs. Könnun var lögð fyrir mæðurnar í upphafi búsetu, þar sem væntingar þeirra og hugsanlegur ávinningur af búsetu í Ellu var metinn. Í október 2021 var aftur lögð könnun fyrir með sömu spurningum. Niðurstöðurnar voru jákvæðar og sýna meðal annars fram á aukna ánægju með aðgengi að félagsráðgjafa og uppeldisráðgjafa. Auk þess upplifa mæður meiri stuðning gagnvart þeim, sem og börnum þeirra, hvað varðar nám og virkni. Könnunin sýndi að 62% mæðranna álíta að stuðningur Ellu hafi skipt miklu eða mjög miklu máli fyrir velferð þeirra. Einnig var rætt við tvær konur sem voru útskrifaðar.

Önnur könnun var gerð í júlí 2023 af teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði. Niðurstöður sýna að flestar mæðurnar hafa fengið þann félagslega stuðning og þann uppeldisstuðning sem þær þurftu á að halda í Ellunni. Allar voru þær sammála um að þátttaka þeirra í Ellunni hefði stutt þær í foreldrahlutverkinu og að þátttaka hafi auðveldað þeim aðgengi að stuðningi og/eða þjónustu fyrir börnin þeirra. Öllum mæðrunum leið vel í Ellunni og allar mæla þær með þátttöku í úrræðinu.



Niðurstöður

Það er mat stýrihóps Ellunnar að úrræðið hafi sýnt gildi sitt. Niðurstöður kannanna meðal notenda sýna að mæðurnar upplifa mikinn félagslegan og uppeldislegan stuðning í úrræðinu. Þátttaka í úrræðinu hefur haft jákvæð áhrif á andlega líðan þeirra og þær upplifa að ráðgjöfin sé að mæta þörfum þeirra. Mikilvægt er að Ellan starfi áfram og fái tækifæri til að vaxa og dafna börnum og foreldrum þeirra til farsældar. Einnig er mjög mikilvægt að Ellan fari úr því að vera tilraunaverkefni yfir í það að vera varanlegt úrræði.